

Fundargerðir skólanefndar MA 2023-2024

Fastir fundir skólanefndar eru þriðja fimmtudag í hverjum mánuði frá kl. 15-16.30

Í nefndinni sitja:

Kristrún Lind Birgisdóttir (skipuð af ráðherra, formaður)

Ásta A. Pétursdóttir (skipuð af ráðherra)

Óli Þór Jónsson (skipaður af ráðherra)

Elías Gunnar Þorbjörnsson (skipaður af SSNE)

Erla Björg Guðmundsdóttir Valgerðardóttir (fulltrúi foreldra)

Erla Rán Kjartansdóttir (skipuð af ráðherra)

Krista Sól Guðjónsdóttir (fulltrúi nemenda)

Karl Frímannsson (skólameistari, áheyrnarfulltrúi)

Eyrún Huld Haraldsdóttir (fulltrúi kennara)

261. fundur 18. janúar 2024

Mætt:	Elías Gunnar Þorbjörnsson (Teams) Eyrún Huld Haraldsdóttir Karl Frímannsson Krista Sól Guðjónsdóttir Kristrún Lind Birgisdóttir Óli Þór Jónsson Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir		
Fund boðaði:	Kristrún	Fundarritun:	Eyrún Huld
Forföll:	Ásta, Erla og Erla		
Staður:	Sólbyrgið		
Tími:	15.00-16.30	Dags.:	18. jan. 2024
Nr.	Atriði	Ábyrgð	

<p>1</p>	<p>Rekstur 2023 og fjármál 2024</p> <p>Ragnar fjármálastjóri kemur á fundinn og kynnir þennan lið. Ársreikningur að verða tilbúinn.</p> <p>Gert ráð fyrir töluverðum halla í áætlun en hann er ögn minni, það er jákvætt þó staðan sé ekki ekki góð. 110 milljón króna halli sem þarf að finna leið til að vinna upp. Fengum greitt fyrir 550 nemendur á síðasta skólaári en ekki 580 eins og voru í skólanum, sem útskýrir þetta að einhverju leyti.</p> <p>Umræður um hversu marga nemendur skólinn getur tekið við næsta haust með tilliti til fjármagns. Verður úthlutað fyrir 580 næsta skólaár, við sýnum ábyrgð í því að sinna rekstrinum eftir því. Sparnaður kemur alltaf niður á fjölbreytileika og sveigjanleika t.d. eru hópar 17 og færri frekar dýrir í rekstri fyrir skólann. Þarf að skoða áfanga og nýtingu fjármagns ítarlega.</p> <p>Nemendaígildi eru orðin fleiri en fjármagn á hvern nemanda er mismunandi eftir framhaldsskólum og ekkert gegnsæi þar, það er miður og stundum óskiljanlegt hvar munurinn liggur.</p> <p>Umræður um skólastarf og skipulag áfanga – hvernig hægt er að halda í fjölbreytileikann og bjóða upp á sveigjanleika. Hver nemandi velur sína leið, sitt verkefni, sitt tungumál? Minnstu áfangarnir, hvernig getum við samþætt þetta, breytt vinklinum aðeins þannig að takmarkið náist? Mikilvægt að framundan sé rýnt í þessa fámennu áfanga og að skoða tækifærin – hvað eru þeir margir?</p> <p>Þróun skólastarfs, fullt af leiðum færar til að efla sjálfstæði og ábyrgð nemenda og auka fjölbreytni námsins. Skólanefnd MA er einróma sammála um að mikilvægt sé að halda áfram að þróa skólastarf á framhaldsskólastigi með afgerandi hætti og að MA fái tækifæri til að taka þann kyndil og þróa spennandi og eftirtektarverðar lausnir við aukið samstarf skóla og samfélags.. MA vill vera leiðandi í fyrirmyndar starfsumhverfi kennara og nemenda á Íslandi. Skólanefnd lýsir vilja sínum til að sækja um skólaþróunarleyfi og styrk frá mennta- og barnamálaráðuneyti til þess að þróa starfshætti sem auka gæði fjölbreytileika og gæði náms og kennslu í framhaldsskólum með því markmiði að auka samþættingu og persónumiðun. Miðað verði við að sækja um 100 mkr. styrk á ári í 5 ár og efla í leiðinni samstarf og samlegðaráhrif VMA og MA.</p>	<p>KF</p>
----------	---	-----------

<p>2</p>	<p>Bókun</p> <p>Skólanefnd MA furðar sig á því að ekkert hafi heyrst frá Menntamálaráðuneyti um fjárhagsstöðu skólans og svo virðist sem ekkert frumkvæði sé þar til að takast raunverulega á við fjárhagsvanda skólans og leiðréttu hann.</p> <p>Skólanefndin vill auk þess benda á að finna þarf færar leiðir til þess að fjármagna skólastarfið án þess að draga úr námsframboði nemenda, gæðum og fjölbreytileika námsins. Áriðandi er að farið verði í kerfisbundna þróun á starfsháttum, samráði og samþættingu á milli VMA og MA og að ráðuneytið fjárfesti í þeim stuðningi með vísun í skólaþróunarverkefni hér fyrir ofan.</p>	<p>KLB</p>
<p>3</p>	<p>Samstarf MA við aðrar stofnanir</p> <p>Full ástæða til áframhaldandi hugmyndavinnu um samstarf MA og VMA. Aukið samstarf eflir báðar stofnanir.</p> <p>Karl kynnir áætlanir um samráð, samvinnu og tengsl við atvinnu-, félags- og menningarlíf og svo helstu samninga skólans við aðrar stofnanir.</p>	<p>KF</p>
<p>4</p>	<p>Skipan varamanns í stjórn Lunda.</p> <p>Nefndin tilnefnir Óla Þór Jónsson í stjórnina. Samþykkt einróma.</p>	<p>KF</p>
<p>5</p>	<p>Kennsla í fremstu röð</p> <p>Karl segir frá 3,3 milljón króna styrk sem MA fékk í starfsþróunarverkefni til að efla gæði náms og kennslu. Háskólinn á Akureyri verður okkur innan handar og fulltrúar þaðan munu leiða faglegu vinnuna. Skólanefnd fagnar þessum styrk.</p>	<p>KF</p>

260. fundur 16. nóvember 2023

Mætt:	Ásta A. Pétursdóttir Elías Gunnar Þorbjörnsson Erla Björg Guðmundsdóttir Valgerðardóttir Erla Rán Kjartansdóttir Eyrún Huld Haraldsdóttir Karl Frímannsson Krista Sól Guðjónsdóttir Kistrún Lind Birgisdóttir Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir		
Fund boðaði:	Kistrún	Fundarritun:	Eyrún Huld
Forföll:	Óli Þór		
Staður:	Sólbyrgið		
Tími:	15.00-16.30	Dags.:	16. nóv. 2023
Nr.	Atriði:	Ábyrgð	
1	Áherslur skólans/skólanámskrá - skólastefna. Skólameistari segir frá því sem er í gangi við endurskoðun skólastefnu og spurning hvort fara eigi aftur yfir þá vinnu en það var gert á síðasta fundi. Búið að fara í vinnu með öllu starfsfólki og gögnum safnað í vor, búið að tala við fagstjóra og brautastjóra. Næsta skref er að safna gögnum frá nemendum. Svo þar á eftir eru það foreldrar og aðrir hagsmunaaðilar. Þessu miðar vel, reglulegir fundir og verkáætlun sem er fylgt. Drög að endurskoðun skólastefnu rædd stuttlega. Áherslan er á nemandann, öll geta lært. Vinnan enn í gangi.	KF	
2	Félagslíf og samvinna Rætt um samstarf stjórnenda og nemenda, skólafélags og undirfélaga – vinnureglan er að fundað er saman t.d. þegar LMA sýning liggur fyrir, rætt t.d. við leikstjóra og þá sem koma að sýningunni með nemendum. Mikilvægt að halda umræðunni opinni, hafa allt uppi á borðum. Mikilvægt að hafa viðbragðsáætlanir þegar og ef	KF	

	eitthvað kemur upp tengt félagslífi skólans eða starfi nemenda.	
3	<p>Kynning á starfsemi gæðaráðs MA</p> <p>Skýrsla síðasta skólaárs, fyrirhugaðar umbætur skólaársins.</p> <p>Áherslan var svolítið á kerfið í stað þess að efla og bæta starfið</p> <ul style="list-style-type: none"> - Gerðir verklistar núna, meta hvernig gekk - Kjarnahugmyndin er að byggja á stöðugum umbótum, endurskoðun og áherslan færð á sífellda endurskoðun starfshátta - Vantar skýrari gæðaviðmið en vinnan er hafin við það - Starfsáætlun 2023-2024 kynnt 	KF
4	<p>Foreldrafélög - kynning á hlutverki foreldrafélags MA.</p> <p>Fulltrúi foreldra.</p> <p>Erla Björg er ásamt fimm öðrum í foreldrafélaginu hún segir frá hlutverki félagsins</p> <ul style="list-style-type: none"> - Handbók félagsins gerir ráð fyrir miklu formlegra starfi – allt í umgjörðinni hefur breyst svo mikið, líklega þarf að endurskoða handbókina – upplýsingagjöf er miklu betra frá skólanum, nemendafélögum, kennurum einstaka greina o.s.frv. - Sáttmáli á milli nemenda og foreldrafélags t.d. um áfengisdrykkju, nýnemapartý o.fl. - Á fundunum er áhugafólk um skólastarfið, hlutverkið hefur tekið breytingunum og kannski þarf aðeins að endurskoða starf foreldrafélagsins almennt 	EBGV
5	<p>Farsæld barna - áherslur skólans - framtíðarsýn. Skólameistari. Sandra tengiliður skólans vegna farsældarlaganna fer yfir þá starfsemi sem tengist lögunum.</p> <p>Stoðteymi MA – farið yfir starfsemina. Öll einstaklingsmál fara beint inn á borð stoðteymis.</p> <p>Náms- og starfsráðgjafar, skólasálfræðingur og hjúkrunarfræðingur. Vinna með barni og fjölskyldum. Vísa málum innan kerfis.</p>	KF

	<ul style="list-style-type: none"> - Rætt um hnapp sem gæti verið aðgengilegur á heimasíðu – tilvísun eða tilkynning um ýmis mál sem koma upp - Líka rætt um persónuupplýsingar og varðveislu þeirra - Stigaskipt þjónusta, 1. stig innan skólans en 2. og 3. stig utan hans - Leiðirnar þarf að finna, ef upp kemur mál sem tengist barnavernd þá eru fjölmörg sveitarfélög að baki nemendum – ekki alveg búið að finna leiðirnar í þessu - Í MA hafa að mestu verið þeir starfshættir sem farsældarlögin kveða á um 	
6	Skráning meðlima í skólanevnd að beiðni MRN Máli vísað til Ragnars fjármálastjóra	KL

259. fundur 19. október 2023

Mætt:	Ásta A. Pétursdóttir Elías Gunnar Þorbjörnsson Erla Björg Guðmundsdóttir Valgerðardóttir Eyrún Huld Haraldsdóttir Karl Frímannsson Krista Sól Guðjónsdóttir Krístrún Lind Birgisdóttir Óli Þór Jónsson Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir		
Fund boðaði:	Karl	Fundarritun:	Eyrún Huld
Forföll:	Erla Rán		
Staður:	Sólbyrgið		
Tími:	15.00-16.30	Dags.:	19. okt. 2023

Nr.	Atriði:	Ábyrgð
1	Fjárhagsstaðan Karl fer yfir rekstraráætlun ársins í fjarveru Ragnars, rekstrarhalli ársins verður í kringum 130 milljónir. Hér er engu að síður vel haldið utan um rekstur og rekstrarmál. Í fjárlögum stendur að þremur vikum eftir að skóli hefst á að taka nemendatölu og leiðréttta alltaf fjárframlög miðað við nemendafjölda, en það er ekki gert. Ragnar hefur nokkrum sinnum beðið um	KLB

	<p>leiðréttingu en engin svör fengið. Í raun vantar fjármagn með 80 nemendum.</p> <p>Erfitt fyrir skólanefndir að bera ábyrgð á fjármálum skólanna en hafa svo ekkert um þau að segja. Skólarnir hafa heimild fyrir ákveðnum mörgum nemendum og það eru þá þeir nemendur sem eru teknir inn. Hallinn þó minni en leit út fyrir um áramót. Rætt um fjárlög til framhaldsskóla almennt.</p>	
2	<p>Starfsáætlun skólanefndar 2023-2023</p> <p>Krístúrín fer yfir starfsáætlun skólanefndar 2023-2024. Leggja áherslu á að fá meiri tengingu við gæðaráðið, hver er staðan og hvernig getum við bætt hana. Kennarafundur, foreldrafélög, framtíðarsýn, fjárhagsáætlun, farsæld, raddir nemenda verða fundarefni o.s.frv. Hugmyndir að viðfangsefnum þannig að fjölbreyttir þættir verði dregnir inn og raddir.</p>	KLB
3	<p>Fundargerð kennarafundar</p> <p>Farið yfir fundargerð síðusta kennarafundar.</p>	KF
4	<p>Samstarf SamNor</p> <p>Karl fer yfir samstarfið og kynnir minnisblað vegna SamNor. Nokkrir sameiginlegir viðburðir hafa verið á ári, fundir skólameistara o.s.frv. Í vor hófst umræða um áframhaldandi samstarf eða ekki vegna sameiningaráform MA og VMA. Verið er að vinna að endurskoðun á samstarfi. Verkefnastjóri verður ekki ráðinn áfram. Skólarnir munu vinna saman á sameiginlegum viðburðum og í samvinnu við stök verkefni en samtalið sem verið hefur verður ekki eins mikið í framhaldinu. Hagsmunir skóla eru mismunandi.</p>	KF
4	<p>Samningur Mötuneytis MA við Lund</p> <p>Hefur orðið breyting frá því í fyrra, mötuneytið þjónar VMA líka. Karl kynnir umræðuna um að hafa mötuneytið beggja skóla. Samstarfið hefur gengið mjög vel. Áform um viðræður og samninga við Lund um allan reksturinn, mötuneyti, þvottahús og heimavist. KF - ég óska eftir því að bókað verði sérstaklega að skólameistara hafi verið veitt umboð til að óska eftir því við Lund að hafin verði endurskoðun á samningum sem rennur út 31. ágúst 2024.Karl skoðar málin.</p>	KF

5	Endurskoðun skólafundar MA Vinnan og samtalið hófst í vor. Ástæðan er kannski augljós, núgildandi skólafundur er orðin rúmlega 10 ára og margt hefur breyst. Samfélagið hefur breyst og námsumhverfið allt. Samtalið hér innanhúss hafið, talað við nemendur, foreldra, atvinnulíf o.fl. áður en eiginleg mótun hefst. Allt ferlið ekki ákveðið í smáatriðum en efnið lagt fram til kynningar.	KF
6	Staðan á sameiningaráformum Staðan er sú að engin samskipti hafa átt sér stað, hvorki formleg né óformleg síðan ráðherra heimsótti skólann 18. september. Tveimur erindum er enn ósvarað af hálfu ráðuneytis. Hið fyrra var sent 12. september og hið síðara 15. september. Umræða er væntanleg á Alþingi 26. október nk. um framhaldsskóla, þó ekki endilega sérstaklega um MA og VMA. Vilji er innan beggja skóla til að auka samvinnu en ekki þarf sérstaka heimild ráðuneytis fyrir slíku.	KF
7	Önnur mál Fundargerðir og samþykktir þeirra – vista þær á Teams og leggja fram til samþykktar skólanefndar áður en þær eru birtar á www.ma.is .	ÁAP

258. fundur 12. september 2023 (aukafundur)

Mætt:	Ásta A. Pétursdóttir Elías Gunnar Þorbjörnsson Erla Rán Kjartansdóttir Eyrún Huld Haraldsdóttir Karl Frímannsson Kristrún Lind Birgisdóttir Óli Þór Jónsson		
Fund boðaði:	Kristrún	Fundarritun:	Eyrún Huld
Forföll:			
Staður:	Sólbyrgið		
Tími:	15.00-16.30	Dags.:	12. sept. 2023

Nr.	Atriði:	Ábyrgð
1	<p>Sameining MA og VMA</p> <p>Rætt um viðbrögð við skýrslunni síðustu daga, Karl kom á fundinn og greindi frá þeim. Eftirfarandi bókun rædd og sett fram:</p> <p><i>Bókun: Skólanefnd Menntaskólans á Akureyri leggur til að hugmyndum ráðherra um samruna MA og VMA verði frestað á meðan haldbær rök um ábata liggja ekki ljós fyrir.</i></p> <p><i>Nefndin leggur til að ráðist verði í ítarlega fýsileikakönnun um kosti og galla samruna skólanna. Fýsileikakönnun þurfi að sýna fram á með óyggjandi hætti að samruni efli bæði gæðastarf og námsframboð en komi einnig til móts við félagslegar þarfir nemenda á fjölbreyttan máta. Nefndin telur nauðsynlegt að til að unnt sé að ná breiðri sátt um framhaldið þurfi sú vinna að liggja fyrir áður en lengra er haldið.</i></p> <p>Fundi slitið</p>	KLK/KF

257. fundur 6. september 2023

Mætt:	Ásta A. Pétursdóttir (kom í lokin) Krista Sól Guðjónsdóttir Elías Gunnar Þorbjörnsson Erla Rán Kjartansdóttir Eyrún Huld Haraldsdóttir Karl Frímansson Kristrún Lind Birgisdóttir Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir		
Fund boðaði:	Karl	Fundarritun:	Eyrún Huld
Forföll:	Óli Þór		
Staður:	Sólbyrgið		
Tími:	15.00-16.30	Dags.:	6. sept. 2023
Nr.	Atriði:		Ábyrgð

1	<p>Sameining MA og VMA</p> <p>Eitt stórt mál á dagskrá og það rætt. Hver nefndarfulltrúi fékk tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Skiptar skoðanir, eðli málsins samkvæmt, en samstaða um að traust, yfirvegum og virðing verði að ráða för í allri vinnu framundan.</p> <p>Rætt var um skýrsluna frá ráðuneytinu sem liggur að baki. Ljóst að þar eru rangfærslur t.d. er varða fjármál og starfsmannamál og er það miður. Okkar var að kanna leiðir til samstarfs/sameiningar en í raun hefur ákvörðunin verið tekin um sameiningu. Óljóst hvert framhaldið verður á þessu stigi málsins. Nefndin þarf að funda aftur fljótlega.</p> <p>Fundi slitið</p>	KF/KLB
----------	---	--------